

STJÓRNARTÍÐINDI A 7 — 1972

Nr. 18.

32

4. apríl 1972.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað síðasta málsliðar 2. gr. laganna komi:

Seðlabanki Íslands hefur á hendi rekstur Verðjöfnunarsjóðs, og skal hann ávaxta fé hans í samráði við stjórn sjóðsins, annaðhvort í erlendri mynt eða íslenskum krónum. Verði breyting á gengi íslenzku krónunnar, skal fé sjóðsins umreiknast til hækkunar eða lækkunar, eftir því sem við á, í samræmi við gengisbreytinguna, að því leyti sem það kann að vera ávaxtað í íslenskum krónum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 4. apríl 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Lúðvík Jósepsson.

Nr. 19.

19. apríl 1972.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 74 28. apríl 1962, um innflutning búfjár.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

II. kafli laganna orðist svo:

II. KAFLI

11. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. getur landbúnaðarráðherra heimilað innflutning á djúpfrystu sæði úr nautum af Galloway-kyni, en eingöngu til notkunar í sóttvarnarstöð ríkisins, er verði valinn staður, þar sem góð skilyrði eru til einangrunar